

HAFNARFJÖRÐUR, 2020

FORNLEIFASKRÁ HAFNARFJARÐAR III

SUÐURBÆR



BYGGÐASAFN
HAFNARFJARÐAR
HAFNARFJÖRÐUR MUSEUM

ATLI RÚNARSSON
FORNLEIFAFRÆÐINGUR

Forsíðumynd sýnir hluta af grjótnámu (2541-9) á Hamarskotshamri í Hafnarfirði.

© 2020/21

Byggðasafn Hafnarfjarðar

Strandgata 4

220 Hafnarfjörður

Sími: 585 5780

Netfang: museum@hafnarfjordur.is

Heimasíða: www.byggdasafnid.is

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Fornleifaskráning	2
Fornleifar	5
Hamarskot	6
Jófríðarstaðir / Ófríðarstaðir	12
Heimildaskrá	18
Myndaskrá	20
Töfluskrá	20
Viðauki 1: Sérkort	21
Viðauki 2: Fornleifaskrá	26

Inngangur

Árið 2020 var sú ákvörðun tekin að Byggðasafn Hafnarfjarðar myndi hefja vinnu við að endurskrá allt sveitarfélagið vegna aðalskipulags¹ en margar af þeim skráningum sem fyrir lágu voru orðnar úreltar og þurfti að uppfæra þær að stöðlum Minjastofnunar Íslands. Það er hlutverk Byggðasafns Hafnarfjarðar að sjá um skráningu allra minja í sveitarfélaginu.



Mynd 1 – Loftmynd af skráningasvæðinu. Svæðið er innan hvítu punktalínunnar.

Ákveðið var að skipta sveitarfélaginu upp í 11 svæði og fjallar þessi skýrsla

um svæði 3. Einnig var ákveðið að safna saman þeim skráningum sem fyrir lágu og voru eftir stöðlum Minjastofnunar og hafa þær aðgengilegar á einum stað í stað þess að vera í fjölmörgum skýrslum eins og var áður.

Umrætt skráningasvæði afmarkast af Reykjanesbrautinni, Strandgötunni og Lækjargötu. Svæðið hefur áður verið skráð að hluta af Katrínu Gunnarsdóttur árið 2009, Atla Rúnarssyni 2018 og Heiðrúnu Konráðsdóttur árið 2020.² Einnig framkvæmdu Hildur Gestsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir fyrir Fornleifastofnun Íslands svæðisskráningu fornleifa í landi Hafnarfjarðar árið 1998³ og Oddgeir Hansson framkvæmdi fornleifaskráningu árið 2001 fyrir sama fyrirtæki vegna Reykjanesbrautar sem náði inn á svæðið.⁴

Fornleifaskráningin fól í sér athugun á heimildum, örnefnaskrá, loftmyndum og fyrri skráningarskýrslum, vettvangsskráningu og úrvinnslu. Farið var eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands,⁵ sem gaf verkefninu númerið 2541. Á vettvang fór fornleifafræðingurinn Atli

¹ Sjá Yngvi Þór Loftsson, 2006

² Sjá Katrín Gunnarsdóttir, 2009, Atli Rúnarsson, 2018, Heiðrún Eva Konráðsdóttir, 2020

³ Hildur Gestsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir, 1998

⁴ Oddgeir Hansson, 2001

⁵ Minjastofnun Íslands, 2013

Rúnarsson og sá hann einnig um skýrslugerð. Ljósmyndir voru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram og það sama á um kortagerð.

Fornleifaskráning

Samkvæmt menningarminjalögum njóta allar fornleifar friðunar og verndunar, en í 3. grein laganna segir:

„Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. Búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Einnig njóta fornminjar friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.⁶

Í 16. grein laganna er vikið að skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjóð af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Skylt er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.“⁷

Jafnframt segir í 21. grein laganna: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi. Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til

⁶ Lög um menningarminjar, 2012, 3.gr.

⁷ Lög um menningarminjar, 2012, 16.gr.

verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.

Friðlýstum fornleifum skal viðhaldið á kostnað ríkisins. Minjastofnun Íslands ber ábyrgð á friðlýstum fornleifum og semur verk- og fjárhagsáætlun um viðhald þeirra.⁸

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Umhverfis friðaðar fornleifar er 15 metra friðhelgi nema annað sé ákveðið.⁹ Í 24. grein menningarminjalaga er kveðið á um áður óþekktar fornleifar sem kunna að koma í ljós við hverskonar jarðrask eða framkvæmdir þá skuli tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands eins fljótt og unnt er og framkvæmdir stöðvaðar án tafar.¹⁰

⁸ Lög um menningarminjar, 2012, 21. gr.

⁹ Lög um menningarminjar, 2012, 22. gr.

¹⁰ Lög um menningarminjar, 2012, 24. gr.

Fornleifar

Alls voru 24 minjar skráðar á vettvangi, sjá má afrakstur fornleifaskráningarinnar í töflunni hér að neðan og í meðfylgjandi fornleifaskrá og á loftmyndum sem sýna staðsetningu minjanna.

NR.	SÉRHEITI	TEGUND	HLUTVERK	HLUTVERK ANNAD	ALDUR	HÆTTUMAT	HÆTTUORSÖK
2541-1	Þóruklöpp	þjóðsaga	óþekkt		1550-1900	mikil hætta	byggingaframkvæmda
2541-2		garðlag	túngarður		1550-1900	mikil hætta	byggingaframkvæmda
2541-3		garðlag	landamerki	lóðamörk	1550-1900	hætta	rask
2541-4		tóft	útihús		1550-1900	engin hætta	
2541-5		garðlag	túngarður		1550-1900	engin hætta	
2541-6		hleðsla	óþekkt		1550-1900	engin hætta	
2541-7		garðlag	landamerki	lóðamörk	1550-1900	engin hætta	
2541-8		tóft	útihús		1550-1900	engin hætta	
2541-9		náma	grjótnáma		1800-1950	engin hætta	
2541-10		garðlag	óþekkt		1550-1900	engin hætta	
2541-11		hús	skemma	kartöflukofi	1900-1950	engin hætta	
2541-12		tóft	útihús		1550-1900	engin hætta	
2541-13		tóft	útihús		1550-1900	engin hætta	
2541-14	Reykaldsstífla	hleðsla	stífla		1906	hætta	rofs
2541-15		garðlag	landamerki	lóðamörk	1550-1900	engin hætta	
2541-16		tóft	hænsnakofi	garðlag	1550-1900	engin hætta	
2541-17		vegur	leið		1550-1900	hætta	rask
2541-18		garðlag	landamerki	lóðamörk	1550-1900	engin hætta	
2541-19	Bríemstún	rutt svæði	tún		1550-1900	engin hætta	
2541-20		þjóðsaga	draugur		1550-1900	engin hætta	
2541-21		heimild	leið		1550-1900	engin hætta	
2541-22	Dvergasteinn	þjóðsaga			1550-1900	engin hætta	
2541-23	Hamarinn	þjóðsaga	álfakirkja		1550-1900	engin hætta	
2541-24	Jófríðarstaðahóll	þjóðsaga	álfakirkja		1550-1900	engin hætta	

Tafla 1 - Skráðar minjar á skipulagssvæðinu

Hér á eftir verður farið í stuttu máli yfir sögu þeirra jarða sem eru inná skipulagssvæðinu og minnst stuttlega á hluta þeirra fornminja sem er að finna á hverri jörð, en hægt er að lesa mun ítarlegri lýsingu í meðfylgjandi fornleifaskrá.

Hamarskot

Elsta heimild um Hamarskot er frá 1565 en það skjal segir frá byggingu jarða Garðakirkju á Álftanesi, þar segir að Hamarskot sé „byggt fyrir iij vætter fiska. Vallarslátt. Med jörðunne j kugillde“.¹¹ Í annarri heimild frá 1579 segir að jörðin hafi fyrir allöngu verið komin í eign Garðakirkju.¹²


Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 segir um Hamarskot að jarðadýrleiki sé óviss því að jörðin tíundast engum. Jörðin var þá enn í eigu Garðakirkju og ábúandinn var Jón Arason. Landskuldin var 1x álnir sem borgaðist með iij vættum fiska. Heimilismenn voru sex og kvikfénaður var tvær kýr og einn kálfur. Hamarskot átti selstöðu nærri Sléttahlíð sem kallaðist Hamarskotsel. Torfrista og stunga lök og lítil, lyngrif var nokkurt og mósukurður til eldiviðar var slæmur. Engar engjar fylgdu jörðinni.¹³

Hamarskot var að einhverju leiti sama jörð og konungsjörðin Akurgerði sem var seld 1804, þá í eyði. Kaupstaðurinn í Hafnarfirði mun hafa byggst í landi Akurgerðis en þar var ekki aflað til heys 1803 vegna þess að verslunarhúsin stóðu í slægjulandinu.¹⁴

Í jarðatali Johnsens frá 1803 fékk jörðin númerið 172, þar segir að jörðin sé í Garðakirkjueign, landskuldin sé 0,4, kúgildið sé eitt og einn leiguliði.¹⁵ 1854 var jörðin kirkjújörð hjá Görðum og var landskuldin 40 álnir, 1 kúgildi og leigur þar af 20 pd. smjörs.¹⁶

Til eru úttektir á húsakosti Hamarskots frá 1818, 1822 og 1823. Sigurður Skúlason tók saman úttektina frá 1818 og lýsir húsakostinum svona:

„Af húsum eru hér talin: Baðstofa, búr, eldhús, göng milli baðstofu og bæjardyra og fjós.



Mynd 2 - Hamarskot á uppdrætti Jóns
Víðis frá 1925-26. Kortið er í förum
Byggðasafns Hafnarfjarðar.

¹¹ DI XIV, bls. 437

¹² Gísli Sigurðsson, Örnefni - Hamarskot

¹³ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1924, bls. 174-175

¹⁴ Gísli Sigurðsson, Örnefni - Hamarskot

¹⁵ J. Johnson, 1847, bls. 92

¹⁶ Hið íslenska bókmenntafélag, 1861, bls. 627

Baðstofan var í þrem stafgólfum, rúmar 8 álnir á lengd og 3 ½ alin á breidd. Hún var með „tilhlýðilegri grind, 4 sperrum, þar af eitt höggsperra, þremur bitum, syllum, stöfum hvar af 4 eru hálfir og standa á moldarþrepi.“ Baðstofan var léleg, því sagt er, að veggir og þak hennar sé fallið. Fyrir henni var hurð á hjörum.

Búrið var einnig hrörlegt. Það hafði við síðustu úttekt verið í þrem stafgólfum, en skyldi nú stytt um eitt stafgólf. Var áætlað að það mundi gera sig sjálft upp að viðnum, en það væri minnkað þetta mikið. Hefir eftir því að dæma nálega þriðjungurinn af viðnum í búrinu verið ónýtur af fúa. Fyrir framan var standþil og hurð á hjörum.

Eldhúsið var tvö stafgólf á lengd, stæðilegt að viðum og veggjum, en þakið var rotið og moldrunnið.

Bæjargöngin voru 5 faðma löng, þar af 2 faðmar undir grind, hitt með þrem sperrum og bitum, er stóðu á veggjum. Fyrir framan þau var þil með hurð á hjörum. Göngin voru vel upp gerð að viðum og veggjum.

Fjós fyrir tvær kýr átti að fylgja jörðinni, en það var fallið að viðum, og stóðu ekki uppi nema veggirnir.¹⁷ Fleiri húsa er ekki getið á jörðina 1818.¹⁸

Húsakosturinn í Hamarskoti hrörnaði mikið á næstu árum og 1823 var t.a.m. búið að stytta baðstofuna um 1 alin og veggirnir í henni allir fallnir að innan.¹⁹

Sigurður Þorláksson fluttist að Hamarskoti 1897 og lýsti kotinu í bók sinni Gamla Minningar: „Hamarskot var torfbær, veggir hlaðnir úr torfi og grjóti og torf þak, timbur stafnar, og 1 gluggi á hvorum. Baðstofan var þrjú stafgólf að stærð eð 9 álnir, með skarsúð og timburgólfi, dyragangur og eldhús þar innanaf með hlóðum, svo var geymsluhús þar við fyrir eldivið annað slíkt. Í baðstofunni voru 5 rúm, svo var þar smá eldavél kamína eins og það var kallað. Fyrir framan suðurgablinn var kálgarður, 150 fermetrar að stærð og var það nægilegt fyrir heimilið, suðvestur af garðinum var brunnur með ágætu neitsluvatni [...].“²⁰

¹⁷ Hér setur Sigurður athugasemd: Því miður er handritið að úttektinni svo skaddað, þar sem getið er um fjósið, að það verður ekki lesið til hlítar.

¹⁸ Sigurður Skúlason, 1933, bls. 73-75

¹⁹ Sigurður Skúlason, 1933, bls. 75

²⁰ Sigurður Þorláksson, 1980, bls. 35-36

Samkvæmt manntölum var búið á Hamarskoti fram til ársins 1906²¹ og þegar Magnús Jónsson skrifaði bók sína *Bær í byrjun aldar* árið 1967 voru „*löngu horfin öll ummerki um hvar þetta kot stóð*“.²²

Bærinn mun hafa staðið á svipuðum stað og nú er norður endi Brekkugötu, en eftir að hann var rifinn stóð um árabíl fjós þar sem suðurálma Flensborgarskólans er,²³ en það er líklega húsið sem sést á uppdrætti Jóns Víðis af Hafnarfirði frá 1925-26.

Í fasteignamati Hafnarfjarðar frá 1918 var jörðinni og húsakosti lýst svona:

„298 *Hamarskot: Gripa og heygeymsluhús. Eigandi: Árni Björnsson prófastur í Görðum. Stærð á húsinu 6,50 x 4,40m. Hæð 1,50m með risi, bygt úr torfi og grjóti. Þak: járn á langböndum notað til heygeymslu. Gripahúsastærð: 6,50m x 3,80m, hæð 2m. Með vatnshallapaki bygt úr torfi og grjóti, einn veggur og þak úr timbri járnvarið.*

Virðing: 1. *Heygeymsluhús og gripahús Kr. 700,00 Samtals Kr. 700,00*

299 *Hamarskotstún. Eigandi: Kirkjujarðarsjóður leigir eignina afgjaldið gengur til Sóknarprestsins á Görðum. Stærð lóðarinnar er e.9 dagsláttur. Öll girt með grjótgarði og við á stólpanum. Ræktuð í tún og notuð til matjurta. Gefur af sér í meðal ári 70 töðu og 8 af jarðávexti*“²⁴

Ekki er til túnakort af Hamarskoti.

Það voru 14 minjar skráðar á landi Hamarskots en þar af tengjast þrjár eiginlegum búskapi að Hamarskoti, það eru útihús (2541-8), (2541-12) og (2541-13). Líklega eru þetta sömu tóftir og minnst var á í handritinu *Hús og bæir í Hafnarfirði* en þar var sagt að „tættur voru ofarlega í túninu og hygg ég að þær hafi verið útihús, en engin gripahús voru uppistandandi þegar við komum í kotið.“²⁵

²¹ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands, 2020

²² Magnús Jónsson, 1967, bls. 23

²³ Þóroddur Guðmundsson, 1962, bls. 4

²⁴ Fasteignamat Hafnarfjarðar, 1918

²⁵ Gísli Sigurðsson, óútg., bls. 395

NR.	SÉRHEITI	TEGUND	HLUTVERK	HLUTVERK ANNAD	ALDUR
2541-8		tóft	útihús		1550-1900
2541-9		náma	grjótnáma		1800-1950
2541-10		garðlag	óþekkt		1550-1900
2541-12		tóft	útihús		1550-1900
2541-13		tóft	útihús		1550-1900
2541-14	Reykaldsstífla	hleðsla	stífla		1906
2541-15		garðlag	landamerki	lóðamörk	1550-1900
2541-16		tóft	hæsnakofi	garðlag	1550-1900
2541-17		vegur	leið		1550-1900
2541-18		garðlag	landamerki	lóðamörk	1550-1900
2541-20		þjóðsaga	draugur		1550-1900
2541-21		heimild	leið		1550-1900
2541-22	Dvergasteinn	þjóðsaga			1550-1900
2541-23	Hamarinn	þjóðsaga	álfakirkja		1550-1900

Tafla 2 - Skráðar minjar í landi Hamarskots

Einnig er á Hamarskotshamri ummerki eftir grjótnámu en grjótið úr honum var nýtt í kjallara og undirhleðslur eldri húsa í bænum og við hafnarframkvæmdir. Einn þeirra sem unnu við það að kljúfa grjót úr Hamrinum var Jón Jónsson, faðir Emils Jónssonar fyrrum alþingismanns og ráðherra, og segir í minningargrein um Emil að „*Lyftitæki voru engin, en Jón var „þrautseigur við grjótverkið og vann að því mykranna á milli“*“.²⁶

Hamarskotshamar í Hafnarfirði var friðlýstur árið 1984 sem náttúruvætti og í friðlýsingunni segir að „*Varðveita skal jarðmyndanir og lífríki svæðisins í núverandi mynd. Hverskonar mannvirkjagerð eða jarðrask sem breytt getur útliti eða eðli svæðisins eru óheimil, nema komi til séstakt leyfi [Umhverfisstofnunar]. Þó er bæjarstjórn heimilt, í samræmi við skipulag Hamars-svæðisins og í samráði við [Náttúruvernd Ríkisins], að planta þar trjágróðri, leggja gangstíga og setja upp bekki og annan búnað í þágu*



Mynd 3 - Horft í vestur yfir útihús (2541-12).
Flensborgarskóli í bakgrunni.

²⁶ Minning: Emil Jónsson fyrrverandi ráðherra, 1986, bls. 35

útvistar á svæðinu.“²⁷ Þær minjar sem er að finna á Hamrinum njóta því verndar samkvæmt friðlýsingunni, en eru þó ekki friðlýstar sjálfar.

Þrjár þjóðsögur voru skráðar á landi Hamarskots, þær eru draugur (2541-20), dvergasteinninn við Hafnarfjarðarkirkju (2541-22) og álfasögur við Hamarskotshamar (2541-23).

Sagan um drauginn (2541-20) hljómar svona: „*Fram undir 1910 hafðist við á Öldunum og í börðunum útburður. Var barn borið út í tjarnir neðan Setbergs og færðist upp þangað. Heyrðist oft til útburðarins og var fyrirboði um illviðri af sunnan og suðaustan.*“²⁸ Kirkjugarður Hafnarfjarðar er nú á því svæði sem nefnist Öldurnar. Dvergasteinninninn við Hafnarfjarðarkirkju (2541-22) fékk að vera í friði þegar kirkjan var reist árið 1914, enda boðaði það mikla ógæfa að skemma hann.²⁹

Fjölmargar álfasögur tengjast Hamarskotshamri (2541-23), einu helsta kennileiti Hafnarfjarðarbæjar. Þar er sögð stærsta álfabyggðin í bænum og innan í Hamrinum á að vera álfahöll með glæstum sölum.³⁰

Reykaldsstífla (2541-14), eða Hörðuvallastífla, var tekin í notkun árið 1906 og var í eigu Jóhannesar Reykdals. Hann reisti fyrstu almenningsrafveitu Íslands árið 1904 og var rafstöðin við Austurgötu í Hafnarfirði. Vegna mikillar eftirspurnar var ákveðið að reisa Reykdalsstíflu og nýja rafstöð skammt frá.³¹ Vegna slyss sem varð



Mynd 4 - Ljósmynd frá fyrri hluta 20. aldar af Reykdals/Hörðuvallastíflu og vatnsstokkinum sem gekk út frá henni. Myndin er í eigu Byggðasafns Hafnarfjarðar.

við stífluna árið 2014 var lónið við stífluna tæmt og gerðar nokkrar breytingar á yfirfalli stíflunnar til að koma í veg fyrir að atvikið gæti endurtekið sig.³²

²⁷ Umhverfisstofnun: Hamarinn, Hafnarfirði, 2020

²⁸ Gísli Sigurðsson – Örnefni Hamarskot

²⁹ Bryndís Björgvinsdóttir & Svala Ragnarsdóttir, 2018, bls. 38-39

³⁰ Bryndís Björgvinsdóttir & Svala Ragnarsdóttir, 2018, bls. 30-33

³¹ Hafnarfjörður, 2020

³² Hafnarfjörður, 2020



Mynd 5 – Reykdals/Hörðuvallastífla (2541-14)

Jófríðarstaðir / Ófríðarstaðir

Nafn jarðarinnar Jófríðarstaða hefur orðið fyrir afbökun en jörðin hét áður Ófríðarstaðir og kom nafnið Jófríðarstaðir fyrst fram í prestakallsbók Garðakirkju árið 1869. Breytingin hefur annaðhvort verið leiðréttingartilraun eða að mönnum hafi þótt Ófríðarstaðanafnið óviðfelldið, sbr. máltækið „að vera á Ófríðarstöðum“. Ein útskýringin er að þjóðsaga myndaðist um að á bænum hafi búið kona sem hét Ófríður en nafninu breytt í Jófríðarstaði. Mögulega hefur nafnið verið kennt við einhvern ófrið en eina heimildin um



Mynd 6 - Loftmynd af bæjarstæði Jófríðarstaða frá 1937.

Myndin er í safni Bygðasafns Hafnarfjarðar.

orrustu sem á að hafa átt sér þarna stað fyrr á öldum er að finna í ritgerð Jóns Guðmundssonar lærða „Um ættir og slekti“ sem hann skrifaði 1688. Þar segir að forfaðir Jóns, Magnús Auðunarson ríki, hafi fallið á Ófríðarstöðum „í því engelska Hafnarfjarðarstríði fyrir svik landsmanna“. Það á að hafa verið nokkru eftir miðja 15. öld.³³ Sigurður Skúlason skýrir nafnið svona: „*Mér þykir einna sennilegast, að nafnið Ófríðarstaðir tákni stað, þar sem allra veðra er von, sbr. bæjarnafnið Alviðra. Húsin á Ófríðarstöðum standa hátt; þar er vart skjól í nokkurri átt. Þetta er því tilfinningarlegra, þar sem veðursældin í Hafnarfirði er við brugðið, og oft er lyngt niðri við fjörðinn, þótt hvasst sé uppi á Ófríðarstöðum*“.³⁴

Fyrsta heimildin um Ófríðarstaði er frá 1541, en þá nefnir Gizur biskup Einarsson nafn jarðarinnar í ráðsmannabréfi handa síra Oddi Halldórssyni.³⁵ Svo var minnst á jörðina 1563 en þá höfðu Páll Stígsson höfuðsmaður fyrir hönd Danakonungs og Gísli Jónsson biskups vegna Skálholtskirkju makaskipti á nokkrum jörðum og konungur eignaðist Ófríðarstaði ásamt öðrum jörðum í Gullbringusýslu. Jörðin var þá metin á 10 hdnr.³⁶ Jarðeignir konungs voru svo skráðar í jarðabók frá tímabilinu 1583-1616, en þar segir að landskuld af Ófríðarstöðum sé fjórar vættir af fiski og þrjú leigukúgildi fylgi jörðinni. Árið 1639 var jörðin metin hálfu þriðja hundrað

³³ Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, 2001, bls. 76-77

³⁴ Sigurður Skúlason, 1933, bls. 53-54

³⁵ DI X, bls. 598

³⁶ DI Safn I, bls. 131-132

hærra en árið 1583, eða 12 ½ hdnr., og landskuld hennar var þá 150 fiskar, en það var 10 fiskum minna en landskuldin var talin í jarðabókinni frá 1583-1616. Jörðin hefur þá verið metin hærra en kúgildistalan var sú sama. Árið 1693 var dýrleiki jarðarinnar 12 ½ hdnr. en leigukúgildin ekki nema tvö því eitt þeirra hafði verið flutt að Straumi og landskuldin var 150 fiskar. Þremur árum síðar var allt við það sama.³⁷

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir um Ófriðarstaði að jarðadýrleiki sé óviss og að jörðin hafi verið í eigu konungs. Leigukúgildin voru ennþá tvö og landskuldin var lxxv álnir. Hún greiddist með iii vættum og vi fjórðungum fiska í kaupstað, en áður heim til Bessastaða. Kvikfénaður var þrjár kýr, einn kálfur, níu ær, fimm sauðir veturgamlir, átta lömb og tvö hross. Heimilismenn voru níu. Jörðin átti selstöðu í heimalandi, þar voru hagar sæmilegir, en vatnsskortur mikill, og til forna mun bóndinn hafa neyðst til þess að færa selið að eða í Ásland, og fyrir það halda sumir að Áss hafi fengið skipastöðu í landi Ófriðarstaða. Þá var heimræði allan ársins hring og lendingin góð, skip ábúendans gengu eftir hentugleikum.³⁸



Mynd 7 - Ljósmynd frá fyrri hluta tuttugustu aldar af Jófriðarstöðum I og II. Myndin er í eigu Bygðasafns Hafnarfjarðar.

Árið 1804 keypti Bjarni Sívertsen jörðina og var hún þá 9 hdnr. og 36 álnir³⁹ og í Jarðatali Johnsen frá 1847 fékk jörðin númerið 170 og er 12 ½ hdnr., landskuldin 0.75, kúgildi tvö og einn eigandi.⁴⁰

Búlandi Jófriðarstaða var skipt í háflendur 1885, Jófriðarstaði I og II, og var jörðunum og húsakostinum lýst í Fasteignamati Hafnarfjarðar frá 1918:

³⁷ Sigurður Skúlason, 1933, bls. 54-55

³⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1923-1924, bls. 172-174

³⁹ Sigurður Skúlason, 1933, bls. 54-55

⁴⁰ J. Johnson, 1803, bls. 92

„ 302. Jófríðarstaðir.

Eigandi: Elín Jónsdóttir ekkja notar eignina sjálf. Eignirnar:

1. Íbúðarhús stærð 6,80 x 6,50m hæð 2,6m með risi. Byggt úr timbri og járnvarið. Því er skipt í: 3 herbergi og eldhús, þiljað panel.
Inngönguskúr stærð 1,60 x 2,65 hæð 3m með vatnshallaþaki byggður úr sama efni og húsið.
2. Útihús: Heyhlaða er tekur e. 180 hesta af töðu. Bás fyrir 2 nautgripi. Fjárhús fyrir e 140 fjár og hesthús fyrir 3 hross. Byggður úr torfi og grjóti þök úr timbri og járnvarið að mestu.
3. Jörðin (hálfrendan) 4,8 ½ H: Túnið í allgóðri rækt gefur af sér 70 hesta af töðu. Girt með grjóti og við, matjurtagarðar gefa af sér 6 tunnur. Tekjur af byggingarlóðum e 200kr á ári.

Virðing:

1. Íbúðarhús m/viðbygg.	Kr. 3500,00
2. Útihúsin	Kr. 900,00
3. Jörðin	<u>Kr. 12000,00</u>
Samtals	Kr. 16400,00

303. Jófríðarstaðir

Eigandi: Hinrik A. Hansen bóndi notar eignina sjálfur og leigir öðrum af henni. Eignin er:

1. Íbúðarhús stærð 7 x 6,40m, hæð 3,90m einlyft með porti og risi, byggt úr timbri járnvarið. Niðri skipt í 3 herbergi og eldhús, þiljað panel og herbergin fódruð. Uppi skipt í 3 herbergi og eldhús þiljað panel og 1 herbergi fódrað. Viðbygging stærð 6,40 x 1,90m hæð 3,40m með vatnshalla þaki, byggt úr sama og húsið, skipt í andyri, búr og geymslu. Undir ¼ hluta hússins er kjallari, byggður úr grjóti, notaður til geymslu, hæð 0,85m.
2. Útihús: geymsluhús, stærð 7,10 x 4,45m, hæð 2,90m með risi, byggt úr timbri, þak járnvarið. Gripa og heygeymsluhús, stærð 7,00 x 4,40m hæð 2m með risi, byggt úr timbri, þak járnvarið. Hesthús fyrir 2 hesta, veggir torf og grjót, þak úr timbri.
3. Jörðin, (hálfrendan) 4,8H. Túnið í góðri rækt gefur af sjer 75 hesta af töðu. Matjurtagarðar gefa af sér 6 tunnur og garðamat. Túnið er girt með tvíhlöðnum grjótgarði með vírstreng á. Tekjur af byggingarlóðum er c. 200kr á ári.

Virðing:

1. Íbúðarhúsið og viðbygging	Kr. 7100,00
2. Útihúsin	Kr. 1700,00
3. Jörðin og hlunnindin	<u>Kr. 14500,00</u>
Samtals	Kr. 23300,00 ⁴¹


⁴¹ Fasteignamat Hafnarfjarðar, 1918

Ekki er til túnakort af Jófriðarstöðum.

Kapólska trúboðið í Hafnarfirði eignaðist svo jörðina 1924.⁴²

Í örnefnalýsingu er bæjarstæði Ófriðarstaða lýst:

„Ófriðarstaðabær stóð í svolitlum slakka austur af Ófriðarstaðahól. Vestan bæjarins stóð Ófriðarstaðahúsið, eftir að það var reist, og tvíbýlt varð á jörðinni 1885. Ófriðarstaðatún var allstórt, umgirt Ófriðarstaðatúngörðum. Austurtúngarður lá suðaustan og austan að túninu, norðurtúngarður bak við bæinn og vestur fyrir hól, en vesturtúngarður ofan frá hól niður að Ófriðarstaðalæk, sem rann niður með öllu Suðurtúninu. Á Ófriðarstaðahól var mikil huldufólkstrú, og klettum og klöppum í kringum hann. Brekkan suður og niður frá hólnum nefndist Kinn, allt niður að Suðurtröðum, sem enn sér merki, því traðagarðana sér enn. [...] Utan austurtúngarðs var ræktun, nefndist Nýjatún. Sagnir voru uppi um, að þar hafi verið kofi, sem Skáld-Rósa átti að hafa búið í, nefndist Rósukofi.⁴³ Frá bæ norður lágu Norðurtraðir í norðurtraðahlið. Ásgatan lá frá traðarhliðinu suður með austurgarði að Ási, en frá hliðinu lá Ófriðarstaðastígur niður í kaupstaðinn.“⁴⁴



Mynd 8 - Hluti túngarðs Ófriðarstaða á uppdrætti Jóns Víðis frá 1925-26.

⁴² Gísli Ólafsson, bls. 1

⁴³ Þessar sagnir eru óstaðfestar og þykja nokkuð ólíklegar en saga Skáld-Rósu er nokkuð vel skrásett og engar heimildir til um að hún hafi haldið til á Nýjatúni.

⁴⁴ Gísli Sigurðsson, Örnefni - Ófriðarstaðir

NR.	SÉRHEITI	TEGUND	HLUTVERK	HLUTVERK ANNAD	ALDUR
2541-1	Þóruklöpp	þjóðsaga	óþekkt		1550-1900
2541-2		garðlag	túngarður		1550-1900
2541-3		garðlag	landamerki	lóðamörk	1550-1900
2541-4		tóft	óþekkt		1550-1900
2541-5		garðlag	túngarður		1550-1900
2541-6		hleðsla	óþekkt		1550-1900
2541-11		hús	skemma	kartöflukofi	1900-1950
2541-19	Bríemstún	rutt svæði	tún		1550-1900

Tafla 3 - Skráðar minjar í landi Jófriðarstaða/Ófriðarstaða

3 minjar voru skráðar sem líklega tengjast Litlabæ, tóft (2541-4), garðlag (2541-5) og hleðsla (2541-6), en Litlibær stóð í suður frá Skuld en vestan við og utan túns frá Ófriðarstöðum.⁴⁵

Tvær þjóðsögur voru skráðar á landi Ófriðarstaða og tengist önnur þeirra Þóruklöpp (2541-1) við Þórukot, sem stóð í nokkurnvegin þar sem leikskóli stendur í dag, sem dregur nafn sitt af síðasta



Mynd 10 - Tóft (2541-4)

ábúanda kotsins. Sagan segir að hún hafi selt St. Jósefssystrum jörðina undir spítalann með því skilyrði að ekki yrði hróflað við klöppinni sem er í bakgarði spítalans. Þóra mun hafa sagt við nunnurnar að „í klöppinni byggi álfkona sem hafði verið góður nágranni alla tíð“ og hafa nunnurnar virt þessa ósk hennar þar sem mannvirkin voru reist allt í kring um klöppina án þess að hróflað væri við henni.⁴⁶ Túngarður (2541-2) tengist einnig Þórukoti og sést á uppdrætti af St. Jósefsspítala frá 1926.⁴⁷



Mynd 9 - Þóruklöpp (2541-1)

⁴⁵ Gísli Sigurðsson, útg., bls. 387. Sjá einnig sérkort 4.

⁴⁶ Árni Óla, 1968, bls. 239

⁴⁷ Sjá sérkort 3

Hin þjóðsagan tengist Jófriðarstaðahól, en hún segir frá manni sem klauf stein á hólnum til þess að nýta í kjallara á húsi sem hann byggði á árunum 1912-14. Þetta mun hann hafa gert þrátt fyrir að hafa heyrt sögur af álfabústaði í hólnum. Eftir þetta elti ógæfa manninn og á dóttir hans að hafa látist skömmu síðar.⁴⁸

